

Nr. 011 / 16 Hringur SH 153***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2685 IMO nr. 8956669
Smíðaður: Skotlandi 1997 stál
Stærð: 272 brl. 481 bt.
Mesta lengd: 28,99 m Skráð lengd: 25
Breidd: 9,3 m Dýpt: 7,5 m
Vél: M.A.K. 745 kW 1997
Fjöldi skipverja: 10



Hringur ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla.
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 5. desember 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. febrúar 2016 var Hringur SH 153 á siglingu milli veiðisvæða á Vestfjarðarmiðum. Veður: SSV 10 m/sek og ölduhæð 5 m.

Skipverji var að vinna við að rétta kör niður í fiskilestina. Hann var með kar við lestaropið þegar skipið tók djúpa veltu og við það kastaðist hann að lausri karastæðu sem féll niður með þeim afleiðingum að hann fékk eitt karið í bakið. Hann hlaut samfellubrot í hryggjarliðum.

Við rannsókn kom fram:

- að það var efsta karið úr karastæðunni sem lenti á skipverjanum;
- að karastæðan hafði verið bundin en búið var að losa hana;
- að engin handrið eru í karalestinni fyrir skipverja til að halda sér í;
- að skipverjinn var skráður matsveinn og var vinnufyrirkomulag hans 16 klst. á sólarhring þ.e.a.s. bæði á þilfari ásamt matseld og 8 tíma hvíld.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á að vaktakerfi skipsins uppfyllir ekki ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 975/2004 um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum.

Vinnu- og hvíldartími.

Sérhver skipverji skal eiga rétt á nægilegri hvíld og skal hámarksfjöldi vinnustunda á viku takmarkaður við 48 klukkustundir að meðaltali reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 12 mánuðir.

Mörk vinnu- eða hvíldartíma skulu vera annaðhvort:

- a) vinnutími sem ekki má vera lengri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili og 72 klst. á hverju 7 daga tímabili, eða
- b) hvíldartími sem skal að lágmarki vera 10 klst. á hverju 24 klst. tímabili og 77 klst. á hverju 168 klst. tímabili.